

Með því að jeg er yður alveg samdóma í þessu efni, skal jeg hjermeð þjónustu- 92
samlega skora á yður, að leggja fyrir sjera Gísla Einarsson að greiða þegar í stað prests- 15.sept.
ekkjunní Kristínu Jónsdóttur hennar lögmaetu eptirlaun að viðlögðum þvingunarmedöl-
um þeim, sem nefnd eru í enda brjefs yðar. Á sínum tíma vænti jeg eptir að fá
skýrslu yðar um það sem gjöríst í þessu efni.

Ágrip af brjefi landshöfðingja til sitptsyfirvaldanna um lán handa presta- 93
kalli. — Með brjefi þessu var hinum núverandi presti á Þingvöllum leyft að kaupa handa 20.sept.
Þingvallaprestakalli stórt og vandað íbúðarhús, er prestur sá, er þar var næst á undan
byggðí á prestssetrinu, og að taka í því skyni 1600 kr. lán uppá prestakallið, er endur-
borgist á 12 árum. Þó var leyfið bundið því skilyrði, að auk búrs, eldhúss og skemmu
yrðu einnig staðarhús eptir sem áður, fjós og smíðjuhús með sömu stærð og verið hefur.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður og austuramtinu um út- 94
mælingu á lóð undir kirkjugarö. — Með þóknanlegu brjefi dags 3. júlí þ. á. hafið þjer 20.sept.
herra amtmáður, sent hingað erindi frá nefnd manna, er stendur fyrir kirkjubygging á
Sauðárkróki, þar sem hún fer fram á að fá útmælda 500 □ faðma lóð til kirkjugarðs-
stæðis úr landi þjóðjardarinnar Sauðár á melunum fyrir ofan Sauðárkrók. Hefur umboðs-
maður Reynisstaðarklausturs mælt með beiðni nefndarinnar og leigulíði þjóðjardarinnar
Sauðár samþykkt útmælinguna að sínu leyti endurgjaldslaust, og hafið þjer því lagt
það til að hin umrædda útmæling verði leyfð.

Útaf þessu skal yður þjónustusamlega tjáð til þóknanlegrar leiðbeiningar og
frekari birtingar að jeg veiti hjermeð samþykki mitt til að ofangreindar útmælingar til
kirkjugarðsstæðis á melunum fyrir ofan Sauðárkrók, en jeg vænti þess jafnframt, að
haft verði gát á því að velja eigi kirkjugarðsstæðið svo að af geti hlotizt nein spilling
á neyzluvatni Sauðárkróksbúa.

Brjef landshöfðingja til landlæknisins um útvegum á bóluefni og útgjöld til 95
bólusetninga. — Í þóknanlegu brjefi, dags 3. f. m., hafið þjer herra landlæknir, skýrt 21.sept.
mjer frá erfiðleikum þeim er á því sjeu að útvega nægilegt bóluefni til bólusetninga
hjer á landi, og að þjer, til þess að afstýra skorti á bóluefni framvegis hafið samið við
Selmer assistent við hina konunglegu Vaccinationsanstalt í Kaupmannahöfn sem sje fús
til að senda talsvert af bóluefni hingað með hverju gufuskipi, sem fer til Íslands árið í
kring, gegn hæfilegri þóknun eða 100 krónum árlega, og farið þjer þess nú á leit, að
fje þetta verði útborgað úr landssjóði eptir einhverri grein fjárlaganna, þannig að fyrir
1888 verði ávísadar 50 kr. fyrir síðari helming ársins.

Útaf þessu skal yður til vitundar gefið, að samkvæmt kgsbr. 24. marz 1830,
um bólusetningar hjer á landi, 4. gr., virðist hinu danska heilbrigðisráði (Sundheds-
Collegium) vera lagt á herðar að útvega læknunum hjer á landi eptir beiðni þeirra nægi-
legt bóluefni, og skal jeg því þjónustusamlega skora á yður að fara fram á það við
nefnt ráð, að það sendi til Íslands meira bóluefni en nú er gjört, eða svo mikið að
nægi, en að því er snertir borgun á bóluefni því er þjer þegar hafið keypt eða síðar
kunnið að verða að kaupa, ef heilbrigðisráðið eigi verður við áskorun yðar, þá ber yður

95 um það efni að snúa yður til amtmannanna eða amtsráðanna, þar sem gjöldin til 21. sept. bólusetninga hvíla eftir hinum gildandi reglum á jafnaðarsjóðum amtanna.

Um undirtektir hins konunglega heilbrigðisráðs óska jeg að fá á sínum tíma skýrslu frá yður.

96 Brjef landshöfðingja til póstmeistarans í Reykjavík um burðargjald fyrir 28. sept. böggulsendingar er fara milli Íslands og Svíaríkis yfir Danmörku. — Yfirstjórn póstmálanna í Danmörku hefur 5. p. m. skrifað mjer sem hjer segir:

»Með því að innanríkisburðargjaldsskrána dönsku yfir böggulsendingar, verður í nokkrum tilfellum að nota með tilliti til böggulsendinga er fara milli Íslands og Svíaríkis yfir Danmörku, er ekki látið hjálíða hjer með þjónustusamlega að tjá yður, herra landshöfðingi til frekari þóknanlegri ráðstöfunar, að ákveðið er með nýju póstlögunum dönsku frá 5. apríl 1888, sem öðlast gildi 1. oktbr. 1888, að burðargjaldið skuli vera sem hjer segir fyrir böggulsendingar allt að 10 pundum (en þyngri mega póstsendingar til og frá Íslandi ekki vera).

Fyrir böggla sem eru 2 pund að þyngd eða minna	16 aur.
— — — — þyngri en 2 pund. en þó ekki yfir 5 pund	24 —
— — — — þyngri en 5 pund en þó ekki yfir 10 pund	32 —

en burðargjald þetta hækkar um 50% að því er snertir hina svonefndu fyrirferðarmiklu (voluminöse) böggla o: sendingar er taka upp tiltölulega mikið rúm eftir þyngd þeirra eða sendingar sem eru þannig ásigkomnar að fara þarf sjerstaklega vel og varfærliga með þær.

Sje verðhæð tiltekin, á þar að auki að greiða í ábyrgðargjald 16 aura fyrir upphæðir er nema allt að 200 krónum, en fyrir stærri upphæðir hefur innanríkisstjórnin samkvæmt nefndum lögum ákveðið að ábyrgðargjaldið skuli vera:

Fyrir stærri upphæðir en 200 kr. allt að 400 kr. 20 a.	
— — — — 400 — — — 600 — 24 -	
— — — — 600 — — — 800 — 28 -	
— — — — 800 — — — 1000 — 32 -	
— — — — 1000 — — — 2000 — 48 -	

og svo úr því 16 aura í viðbót fyrir hverjar 1000 krónur eða minni upphæð er hin tiltekna verðhæð nemur.

Þetta undanfelli jeg ekki hjer með þjónustusamlega að tilkynna yður, herra póstmeistari, yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

EMBÆTTASKIPUN.

26. sept. veitti landshöfðingi cand. theol. *Bjarna Einarssyni Þykkvabæjarklausturs* prestakall í Vestur-Skaptafellsprófastsdæmi eftir að þar um hafði verið leitað tillögu hlutadeigandi safnaðar.

27. s. m. veitti landshöfðingi cand. theol. *Hallgrími Thorlacius Rípur* prestakall í Skagafjarðarprófastsdæmi eftir að þarum hafði verið leitað tillögu hlutadeigandi safnaðar.

28. s. m. veitti landshöfðingi cand. theol. *Arna Jóhannessyni Þöngtabakka* prestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi eftir að þar um hafði verið leitað tillögu hlutadeigandi safnaða.

S. d. veitti landshöfðingi cand. theol. *Jóni Guðmundssyni Skorrastaðar* prestakall í Suður-Múlaprófastsdæmi eftir að tillögu hlutadeigandi safnaðar hafði verið leitað þar um.

S. d. setti landshöfðingi cand. theol. *Bjarna Þorsteinsson* til þess á eigin ábyrgð að þjóna til næstkomandi fardaga *Hvanneyrar* prestakalli í Siglufirði ásamt *Kvíabekkjjar* prestakalli í Ólafsfirði báðum í Eyjafjarðarprófastsdæmi.

29. sept. veitti landshöfðingi cand. theol. *Mattíasi Eggertssyni Helgastaða* prestakall í Suður-Þingeyjarprófastsdæmi eftir að þar um hafði verið leitað tillögu hlutadeigandi safnaða.